



Reykjavík, 30. September 2024

Efni: Umsögn W.O.M.E.N. á Íslandi: Samtök kvenna af erlendum uppruna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar), þskj. 62, 62. mál.

W.O.M.E.N. á Íslandi: Samtök kvenna af erlendum uppruna hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. W.O.M.E.N. á Íslandi styðja markmið frumvarpsins um afnám þjónustusviptingar.

Sú þjónustusvipting sem komið var á með lögum nr. 14/2023 í mars sl. í 8. mgr. 33. gr. laga um útlendinga hefur komið til framkvæmda með fyrirséðum alvarlegum afleiðingum fyrir hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd. Líkt og bent var á af hálfu fjölmargra félagasamtaka í umsögnum og umræðum um ofangreinda þjónustusviptingu, stenst ákvæðið ekki alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda.

Konur sem koma til Íslands í leit að alþjóðlegri vernd hefur búið við ýmis konar ofbeldi og eru einstaklega viðkvæmur hópur. Þjónustusvipting felur í sér að þeim er hent út á götu, fá ekki framfærslueyri, eru sviptar lögfræðiaðstoð, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og öðrum stuðningi.

W.O.M.E.N. á Íslandi krafa um að stjórnvöld geri viðtækar breytingar á lögum um útlendinga og vinni þau að nýju í samstarfi við félagasamtök og fagaðila í mannréttinda- og jafnréttismálum, þar sem mannúðarstefna, jafnréttissjónarmið og ekki syðst stefna í málefni innflytjenda eru fyrst og fremst höfð til grundvallar.

Virðingarfyllst fyrir hönd W.O.M.E.N. á Íslandi: Samtök kvenna af erlendum uppruna,

Christina Milcher
Stjórnakona